



10. stjórnarfundur EBAK 25. mars 2021

Mættir: Hallgrímur Gíslason formaður, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir, gjaldkeri, Garðar Lárusson ritari, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Eva B Magnúsdóttir og Birgir Svavarsson.

Ekki mættir: Sigurður Harðarson.

1. Fundarsetning kl. 13:03.

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

3. **Viðvera.** Viðvera stjórnarmanna hefur hafist aftur. Verið tvo síðustu miðvikudaga í Bugðusíðu og í seinustu viku einnig í Víðilundi. Næstu viðverur eru: 31. mars Garðar, 7. apríl Friðrik og Eva í Bugðusíðu og Úlfhildur og Torfhildur í Víðilundi, 14 apríl. Hallgrímur, 21. apríl Garðar.

4. **Næsti stjórnarfundur** Tillaga um 21. apríl með fyrirvara. Samþykkt.

5. Frá síðasta stjórnarfundu.

Formannafundur LEB. Laugardaginn 13. mars var netfundur með formönnum. Aðalefnið var könnun sem Maskína gerði fyrir LEB um hvort eldri borgarar ættu að bjóða fram lista til þings. Kjara nefnd LEB fékk til liðs við sig Steingrím Ara Arason til að vinna hugmyndir um áhersluatriði eldra fólks í komandi Alþingis.

6. **Samningur við Akureyrarbæ.** Farið yfir drög að nýjum samningi við Akureyrarbæ. Umræður um eignir EBAK í salnum í Bugðusíðu. Samþykkt að afsala borðbúnaði og fleira til Akureyrarbæjar vegna þess að eignarhald er óljóst. Félagið afsali sér leigu á salnum til bæjarins og fái styrk á móti, tillaga um kr 900.000-. Rædd var umbun til þeirra stjórnarmanna sem leggja á sig mikla vinnu.

7. Undirbúningur aðalfundar

a) **Gátlisti – Ábyrgð – Auglýsingar.** Búið að fresta aðalfundi. Farið yfir gátlista fyrir aðalfund.

b) **Undirritun reikninga.** Gjaldkeri lagði fram reikninga 2020 til skoðunar stjórnar.

c) **Ályktanir.** Hallgrímur lagði fram drög að ályktun.

8. **Húsnæðismál.** Hallgrímur, Sigurður Harðarson og Margrét Péturdóttir fóru á fund með Búfesti í mars. Þar var farið yfir áætlun á Jötunfellsreitnum eins og hún er í dag. Teikningar hafa lítilsháttar breyst.

9. **Landsfundur LEB.** Áætlað að landfundur LEB verði 26. maí á Selfossi. Beðið eftir gögnum.

10. Önnur mál.

Maður fékk aðsvif í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu og í kjölfarið kom fyrirspurn hvort það ætti ekki að vera til blóðþrýstingsmælir.

Hallgrímur sagði frá styrkjum frá félagsmálaráðuneytinu til sveitarfélaga og óskaði eftir tillögum um verkefni. Eva kom með tillögu um námskeið um að nota vefforrit t.d við pantanir og fleira til að gera fólk sjálfbjarga. Einnig kom tillaga um að heilsueflingu t.d. sundleikfimi fyrir aldraða.

11. Fundarslit. 15:25